

1012. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. desember 2008 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Hrafn Guðjónsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Steinar J. Kristjánsson, Þorlákur Jóhannsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Tækifæri – kynning Opna háskólans

Á fundinn voru mætt þau Elfa Hrönn Guðmundsdóttir og Sigurður Ólafsson frá Háskólanum í Reykjavík (HR) og kynntu verkefni sem þau nefna „Tækifæri – Samstarf VR og Opna háskólans“ og meðfylgjandi skjal með fundargögnum. Nánar verður svo fjallað um þetta mál undir dagskrárlið nr. 3. Sögðu þau frá því að HR hafi viljað bregðast við ástandinu í þjóðfélaginu og hafi því verið safnað saman úrræðum í menntun í því augnarmiði að halda atvinnulausum og mökum þeirra sem mest virkum þrátt fyrir atvinnuleysi. Að lokinni kynningu véku þau Elfa Hrönn og Sigurður af fundi.

2. Fundargerð síðasta fundar

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt og undirrituð.

3. Hvað getur VR gert til að styðja við félagsmenn?

Gunnar Páll lagði fram skjalið „Aðgerðir í efnahagskreppu“ sem er í tíu liðum og fór hann yfir hvern lið. M.a. var rætt um kynningu HR í upphafi fundar og lagði Gunnar Páll til að við myndum fara í samstarf við þá og bjóða atvinnulausum VR félögum að taka þátt í þessu. Kostnaður er 4 milljónir króna og greiðist í nokkrum greiðslum. Umræður urðu um þetta mál. Stakk Gunnar Páll uppá því að við skuldbindum okkur til fyrstu greiðslu en sækjum svo til með framhaldið eftir því hvernig þetta gengi. Var gengið til atkvæða um þá tillögu og var hún samþykkt – enginn á móti - en Rannveig sat hjá og gerði grein fyrir atkvæði sínu: Sagðist hún ekki vilja samþykkja þetta fyrr en kostnaðaráætlun liggur fyrir.

Rætt var um tillögu frá félagsfundi og að setja saman hóp sem skipaður væri úr hópi félagsmanna og trúnaðarráði til að leggja fram tillögu fyrir aðalfund. Rannveig kom einnig með tvær skriflegar tillögur, ásamt skýringum, en tillögur hennar eru svohljóðandi:

„Legg til að stjórn VR skipi strax nefnd til að útbúa siðareglur fyrir VR“ og „Legg til að dreift verði á meðal félagsmanna VR, setu í nefndum og ráðum (stjórnnum) sem VR þarf að skipa í“ Var hugmynd hennar að sett yrði nefnd samsett af tveimur úr trúnaðarráði og tveimur úr stjórn. Gunnar Páll lagði til að blanda þessu saman og auglýsa eftir félagsmönnum og fá svo líka hóp úr trúnaðarráði og stjórn til að fara yfir þessar tillögur. Samþykkt.

Rætt um tillögu um reglugerðarbreytingu frá stjórn Starfsmenntasjóðs um bráðabirgðaákvæði fyrir árið 2009 um að hækka niðurgreiðslu náms úr sjóðnum í 75% af kostnaði hjá atvinnulausum eða þeim sem hafi lent í skertu

starfshlutfalli. Samþykkt með því skilyrði að viðkomandi sé að greiða í VR.

Rætt um styrk vegna líkamsræktar fyrir atvinnulausa – sérstök mánaðarkort með miklum afslætti sem kostuðu 4000 kr. og borgaði VR kr. 2000 en félagsmaðurinn kr. 2000 á móti. Þeir sem hafa boðið svo ódýr kort eru World Class, Hreyfing og líkamsræktarstöðvar í Vestmannaeyjum, Egilsstöðum og á Akranesi, en annars erum við tilbúin að semja við hvern sem er. Þyrftum að hafa á þessu takmörkun, t.d. 3 skipti sem hámark. Samþykkt.

Rætt um tillögu um félagsstarf – hópefli til að rjúfa einangrun atvinnulausra. Það þyrfti að ráða starfsmann í hlutastarf til að skipuleggja þessa tilraun og fáum svo utanaðkomandi aðila til að tala og semjum við sveitarfélögin um aðkomu ef hægt er. Samþykkt.

Rætt um neyðaraðstoð –fjárstuðning við bágstadda VR félaga. Málið hefur verið nokkuð mikið rætt og leggur Gunnar Páll fram skjalið „*Jólaaðstoð 2008*“ þar sem lagt er til að félagið styrki Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd um tvær milljónir króna hvert félag. Samþykkt.

Rætt um möguleika á að veita örlán eða að fjárfesta í hugmyndum atvinnulausra félagsmanna. Nokkuð var velt vöngum yfir því hver heildarkostnaður af þessu gæti orðið og hvernig ætti að velja verkefni. Upp hefur komið sú hugmynd að þetta mætti vinna í samvinnu við Vinnumálastofnun og verkefni HR því þessir aðilar væru einnig að fíkra sig inná þessa braut og mætti þá líka reyna að fá sveitarfélögin með í verkið. Samþykkt að vinna áfram að því að þróa hugmyndina og þeim kostnaði sem af slíku hlýst.

Rætt um möguleika þess að vera með félag um útleigu íbúða og lagði Gunnar Páll fram skjalið „*Hugleiðingar um aðkomu VR á húsnæðismarkaði á krepputímum*“. Nokkuð ljóst að ekki verður skortur á leiguhúsnæði og því er þetta lagt fram sem eitthvað til að hugsa með vorinu þegar fasteignaverð ætti að vera orðið lægra. Umræður urðu um þetta en ekkert ákveðið annað en að fylgjast með hvernig fasteignamarkaður þróast og hugsa þetta áfram.

4. **Fjárhagsáætlun 2009 – fyrstu drög**

Gunnar Páll lagði fram skjalið „*Áætlun/rauntölur 2008*“ og eru það fyrstu drög og gróf áætlun fyrir árið 2009. Gunnar Páll fór yfir skjalið. Mikil óvissa gerir áætlunargerð erfiða. Gert er ráð fyrir 12% lækkun félagsgjalds. Tap er 220 milljónir kr. fyrir fjármagnsliði en ef við fáum 4% vexti á næsta ári ætti það að tryggja að félagið verði réttu megin við núllið.

Umræður um efnahagsmál og Lífeyrissjóð verslunarmanna.

5. **Breyting á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna**

Gunnar Páll lagði fram skjalið „*Tillaga til breytinga á samþykktum sjóðsins*“ dags. 21. nóvember 2008. Í stuttu máli hefur séreignasparnaður verið ávaxtaður eins og aðrar eignir en nú er tillaga um að boðið sé uppá fleiri ávöxtunarleiðir fyrir séreignarsparnaðinn. Samþykkt.

6. Fjárfestingastefna VR

Á síðasta fundi hafði verið kallað eftir nánari sundurliðun á skiptingu fjárfestinga og lagði Gunnar Páll því hér fram þrjú skjöl, „*Sjúkrasjóður – Glitnir*“, „*Varasjóður – Glitnir*“ og „*Kaupþing*“ þar sem þetta kemur fram. Fór Gunnar Páll yfir skjölin.

7. Skipulag VR – deildir

Gunnar Páll sagði frá því að Skagamönnum hefði verið boðið að setja upp deild með sama formi og er í Eyjum og á Egilsstöðum en ekki hafi komið viðbrögð við því enn. Eins og hann hafði áður rætt í stjórn var hugmynd að skipa stærri stjórn og svo fámennari framkvæmdastjórn til þess að hleypa deildunum nær ákvörðunum. Landfræðilega eru þau langt í burtu og svo gæti komið sameiningarhrina félaga því mörg félög gætu lent í fjárhagsvandræðum í kreppunni. Vandinn er sá að þá myndu starfsmenn lenda í hagsmunaárekstrum ef þeir væru bæði starfsmenn og í stjórn en ákveðið hefði verið á sínum tíma að hverfa frá því að starfsmenn væru í stjórn VR.

8. Trúnaðarmenn

a	Jóhanna Gunnlaugsdóttir	Prentmet ehf.	Endurkjör
b	Haukur Bernardsson Linn	Flügger ehf.	Nýr
c	Svanhildur Hauksdóttir	Ikea	Nýr
d	Rakel Jóna Guðmundsdóttir	Toys 'R' Us	Nýr
e	Hildur Björnsdóttir	Blindrafélagið	Nýr
f	Lilja Sigurðardóttir	Fjárstoð	Nýr
g	Stefnir Páll Sigurðsson	B&L	Nýr
h	Atli Þór Emilsson	Byko hf.	Nýr
i	Ruth Hinriksdóttir	Nýherji hf	Endurkjör
j	Guðrún R. Gunnarsdóttir	ILVA ehf.	Nýr
k	Haukur Logi Jóhannsson	Flugfélag Íslands	Nýr
l	Árni Svanur Guðbjörnsson	N1	Endurkjör
m	Auður Þórarinsdóttir	DHL Express	Nýr
n	Jónína M. Hermannsdóttir	DHL Express	Nýr
o	Þórunn Björk Jónsdóttir	Vodafone	Nýr
p	Gunnlaugur Snær Ólafsson	Sendiráð Bandaríkjanna	Nýr

Samþykkt.